

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1951.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., undirskrifuð af forsetanum 30. júní 1951, nr. 75.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 120/1950, um aðstoð til útvegsmanna (lántökuheimild), undirskrifuð af forsetanum 6. júlí 1951, nr. 76.

Auglýsing um Norðurlandasamning um gagnkvæma hjálp handa nauðstöddu fólki, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. júní 1951, nr. 77.

Auglýsing um aðild Íslands að Alþjóða-hveitisamningnum, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 78.

Auglýsing um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins, undirskrifuð af utanríkisráðherra 25. júní 1951, nr. 79.

Auglýsing um breytingar á viðskiptasamningi við Pólland, undirskrifuð af utanríkisráðherra 14. júlí 1951, nr. 80.

Auglýsing um loftferðasamning milli Íslands og Noregs, undirskrifuð af utanríkisráðherra 20. júlí 1951, nr. 81.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 44 5. apríl 1951, um söluskatt.

130

2. júlí

Til viðbótar 3. gr. reglugerðarinnar komi 2 nýir liðir, svohljóðandi:

Tollskrá:

Kafli	Nr.	
44	11	Dagblaðapappír.
75	3	Snjóþífreiðar.

Fjármálaráðuneytið, 2. júlí 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

REGLUGERÐ

um veðlán úr lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra.

131

4. júlí

1. gr.

Heimilit er að veita sjóðfélögum lán úr lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, einkum til þess að leysa húsnæðisþörf þeirra.

2. gr.

Lán þau, sem um ræðir í 1. gr., skulu jafnan tryggð með fyrsta veðrétti í fasteign, og skal hámark hvers einstaks láns miðast við virðingarverð hinnar veðsettu eignar, þannig að lánsupphæðin fari aldrei fram úr 35% af virðingarverðinu.

131

4. júlí

3. gr.

Stjórn lífeyrissjóðsins lætur, á kostnað lántakanda, framkvæma virðingu á fasteignum þeim, er veðsetja á fyrir lánum úr sjóðnum. Nú er hið væntanlega veð húseign, sem eigi er eldri en tveggja ára, og má þá miða hámark láns við kostnaðarverð hússins, samkvæmt 2. gr., án virðingar.

4. gr.

Lántakandi greiðir árlega jafnháa vexti af skuld sinni, sem greiddir eru á hverjum tíma af lánum úr veðdeild bankans, að viðbættum $\frac{1}{2}\%$ af skuldinni. Lánin endurgreiðast með jöfnum fjárgreiðslum vaxta og afborgana ár hvert.

5. gr.

Á lánum, sem veitt eru gegn veði í húsum yngri en tveggja ára, er hámark lánstímans 35 ár. Ella skal lánstíminn vera skemmri og ákveðinn hverju sinni af stjórn lífeyrissjóðsins með hliðsjón af aldri hins veðsetta húss.

6. gr.

Lánnum er lífeyrissjóður veitir, má stjórn hans eigi segja upp meðan lántakandi fullnægir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefur undirgengið. En ef ákvæðisgjöld hans eru eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur fulltryggjandi eftir því, sem ákveðið er, eða haldi lántakandi ekki váttryggðum húseignum er að veði eru, eða verði veðsett eign eign annars en lántakanda eða maka hans, má stjórn lífeyrissjóðsins segja láninu upp með tveggja mánaða fyrirvara, til greiðslu á næsta gjalddaga.

Nú hættir lántakandi að vera sjóðfélagi og greiðir hann þá frá þeim tíma 6% ársvexti af skuld sinni.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

132

11. júlí

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 155 8. september 1949, um kjötmat og floira.

1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Kjöt skal dæmt í 4 flokka eftir heilbrigði og gæðum:

1. fl. Kjöt, óaðfinnanlegt með öllu.
2. fl. Hæft kjöt.
3. fl. Ekki óhæft kjöt.
4. fl. Óhæft kjöt.

2. gr.

31. gr. hljóði svo:

Við flokkun kjötsins skal það stimplað eða merkt þannig:

1. fl. kjöt skal merkt með jafnarma þríhyrningi og tölunni 1 innan í þríhyrningnum. Bláan kjötlit skal nota við merkingu á þessum flokki. Landbúnaðarráðherra getur ákveðið að breyta til um merkingu á 1. fl. kjöti, sem ætlað er til útflutnings, komi fram kröfur um slíka breytingu.

2. fl. kjöt skal merkt með jafnarma þríhyrningi og tölunni 2 innan í þríhyrningnum. Svartan kjötlit skal nota við merkingu á þessum flokki.